

Sjálfsmatsskýrsla – Gæðaskýrsla

Fræðslustarfsemi Fjölsmiðjunnar 2020 – 2021



Efnisyfirlit

1. Gæðastefna Fjölsmiðjunnar	3
2. Helstu verkefni 2020 – 2021	3
2.1 Nám í fræðsludeild.....	4
2.2 Stuðningur við námsmenn	4
3. Mat á skólastarfi	5
3.1 Niðurstöður kannana	5
a. Námsefni.....	5
b. Kennslan og frammistaða kennara/leiðbeinenda	6
c. Aðstaðan í Fjölsmiðjunni	6
4. Úttekt á stöðu eigna	7
5. Stefna og framtíðarsýn	7
6. Samantekt.....	7

1. Gæðastefna Fjölsmiðjunnar

Fjölsmiðjan, verkþjálfunar-, framleiðslu- og fræðslusetur starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) og samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um framkvæmd framhaldsfræðslu út frá viðurkenningu þess efnis. Starfsemi Fjölsmiðjunnar uppfyllir kröfur um gæði fræðslu, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar í samræmi við kröfur þar um.

14. gr. *Framkvæmd mats á fræðslustarfi.*

(<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010027.html>)

- Fræðsluaðilar meta sjálfir með kerfisbundnum hætti árangur og gæði fræðslustarfsins og birta opinberlega upplýsingar um innra gæðamat sitt og áætlanir um umbætur í kjölfar þess.
- Ráðherra hefur umsjón með úttektum, könnunum og rannsóknum sem miða að því að tryggja almenn gæði framhaldsfræðslu og almennan skilning og þekkingu á málefnum er henni tengjast. Framkvæmd slíkra verkefna skal að jafnaði falin óháðum aðila. [Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast umsjón samkvæmt þessari grein.]

Forstöðumaður Fjölsmiðjunnar ber ábyrgð á að gæðastefnunni sé viðhaldið og að hún sé í samræmi við markmið og stefnu Fjölsmiðjunnar.

Tilgangur gæðastefnu Fjölsmiðjunnar er að veita námsmönnum og öðrum viðskiptavinum sem besta þjónustu og að sú þjónusta sé í samræmi við gæðaviðmið sem Fjölsmiðjan setur sér. Lögð er áhersla á að skapa þægilegt umhverfi þar sem námsmenn og starfsfólk getur sinnt hlutverki sínu innan starfseminnar – hvort heldur er í námi eða starfi. Með virkri gæðastefnu leitast forstöðumaður, stjórn og starfsfólk Fjölsmiðjunnar við að:

- Meta og þróa starfsemi símenntunarmiðstöðvarinnar út frá niðurstöðunum námsmats, umsögnum, ábendingum, líðan nemenda og starfsfólks og öðru því sem kann að þjóna markmiðum gæðastefnunnar
- Gæðamarkmið Fjölsmiðjunnar séu endurskoðuð reglulega
- Öllum markmiðum, s.s. um persónuverndarstefnu, umhverfisstefnu og fjárhagslegri ábyrgð sé fylgt
- Starfsemi Fjölsmiðjunnar sé í samræmi við lög, reglugerðir og samninga og sjá til þess að réttindi allra séu virt

2. Helstu verkefni 2020 – 2021

Verkefni Fjölsmiðjunnar voru með fjölbreyttu sniði á starfsárinu 2020 – 2021. Góð samvinna var við hin ýmsu fyrirtæki og einstaklinga hvað varðar verkefni á deildum Fjölsmiðjunnar. Góð samvinna var einnig við Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

2.1 Nám í fræðsludeild


Íslenska grunnur (ÍSLE1GR05), seinni hluti fornáms – Lestur ýmiss konar texta og verkefnavinnan í tengslum við þá. Ritun ýmiss konar verkefna. Tjáning þjálfuð með ýmsum verkefnum. Helstu stafsetningareglur og undirstöðuatriði málfræði.

Stærðfræði undirbúningur (STÆR1UN05), fyrri hluti fornáms – Áhugi nemandans vakinn á stærðfræði og hagnýtingu hennar. Upprifjun á námsefni grunnskólans og undirbúningur undir frekara nám í námsgreininni í framhaldsskóla. Megin viðfangsefni: Reikniaðgerðir, forgangsroð aðgerða, almenn brot, bókstafareikningur, jöfnur, þáttun, velda- og rótareikningur.

Lífsleikni (LÍFS1BS02) – Áhersla lögð á sjálfsmynd -og sjálfsþekkingu, að veita nemendum aukinn skilning á réttindum og skildum á vinnumarkaði. Efla færni og viðsýni nemenda í lýðræðislegri þátttöku í samfélaginu. Fjallað er um fjármál, lýðræði og borgaralega vitund, næringu, mataræði, geðheilsu, kynhegðun og vanabindandi efni. Ýmsar vettvangsferðir í fyrirtæki o.fl.

2.2 Stuðningur við námsmenn

Nemendur sem sóttu nám, fjar- eða staðnám, utan Fjölsmiðjunnar samhliða störfum á deildum hennar fengu mikinn stuðning, hvatningu og eftirfylgni náms- og starfsráðgjafa Fjölsmiðjunnar. Nemendur höfðu fullan aðgang að kennslurými Fræðsludeildar og nýttu sér það m.a. hvað varðar að sinna heimanámi og fengu aðstoð við að halda sér á beinu brautinni við nám sitt. Mikil samskipti voru við kennara og náms- og starfsráðgjafa þeirra skóla sem nemendur í Fjölsmiðjunni sóttu nám hjá.



Mynd 2. Nemar í námi innan sem utan Fjölsmiðjunnar

3. Mat á skólastarfi

Hjá Fjölsmiðjunni er gæðastjórnun daglegur hluti af rekstri verkþjálfunar, framleiðslu- og fræðslusetursins. Starfsfólk vinnur að því í sameiningu og eftir bestu getu að stuðla að því að sem bestur árangur náist hverju sinni. Við miðbik faggreina og í lok þeirra leggur deildarstjóri Fræðsludeildar ásamt kennurum fyrir faggreinamat sem nemendur svara. Námsmatið er ýmist tekið á pappír eða á rafrænu formi. Matið er staðlað og það uppfært reglulega.

Með námsmatinu eru könnuð viðhorf námsmanna til eftirfarandi atriða:

- ✓ Námsefni
- ✓ Kennslan og frammistaða kennara
- ✓ Aðstoð frá kennara
- ✓ Námsumhverfi og kennsluaðstaða Fjölsmiðjunnar

Gæðastefna Fjölsmiðjunnar byggir á því að 80% nemenda svari stöðluðum spurningalista jákvætt, þ.e.a.s. með svörum „mjög gott/vel“, „frekar gott/vel“ eða á fimm punkta kvarða.

Náms- og starfsráðgjafi Fjölsmiðjunnar ásamt deildarstjóra Fræðsludeildar sjá um að vinna úr niðurstöðum faggreinamatsins. Í lok hverrar námsannar, eða fyrir sumarlokun Fjölsmiðjunnar er starfsfólki kynntar niðurstöður faggreinamats vetrarins og í framhaldi er unnin úrbótaráætlun út frá þeim ef þurfa þykir. Kennarar og leiðbeinendur faggreina fá einnig niðurstöður spurninga sem þeim viðkemur sendar til sín og þeim gefinn kostur á að bæta sína frammistöðu ef svo ber undir.

3.1 Niðurstöður kannana

Nemendur sem sóttu nám í Fræðsludeild Fjölsmiðjunnar á vorönn 2021 voru í heildina ánægðir með þá þjónustu sem þeim var boðið upp á. Hvað varðar kennsluumhverfið og aðstöðuna, mátti sjá að flestum líkaði mjög vel og frekar vel við hana eða um 90%. Fleiri en færri voru ánægðir með þá kennslu og aðstoð sem þeir fengu frá kennurum námsgreinanna. Einnig voru fleiri en færri ánægðir með það kennsluefni sem notað var við kennsluna ásamt kunnáttu kennaranna á námsefninu og kennsluaðferðum.

Á námstímanum höfðu nemendur greiðan aðganga að náms- og starfsráðgjöfum Fjölsmiðjunnar og studdu þeir vel við nemendur og fylgdu þeim eftir í náminu. Gripið var til ráðstafana jafn óðum ef og þegar á þurfti að halda m.a. í tengslum við niðurstöður leiðsagnarmats.

a. Námsefni

Nemendur voru spurðir út í hversu gott eða slæmt þeim þótti námsefni faggreinanna í Íslensku og stærðfræði vera. Lagt er upp með að velja vandað og gott efni fyrir nemendur sem er áhugavekjandi og hvetjandi eins og kostur er. Í heildina þá er þessi þáttur rétt undir gæðaviðmiðum Fjölsmiðjunnar. Ef faggreinarnar eru sundur liðaðar má sjá að faggreinin stærðfræði stenst gæðaviðmið.

Námsefni faggreina í Fræðsludeild Fjölsmiðjunnar	
Mjög/frekar gott	78%
Hvorki gott né slæmt	22%
Skipting faggreinanna er eftirfarandi:	
Íslenska	Stærðfræði
Mjög/frekar gott 63%	Mjög/frekar gott 93%
Hvorki gott né slæmt 27%	Hvorki gott né slæmt 7%

b. Kennslan og frammistaða kennara/leiðbeinenda

Fjölsmiðjan leggur sig fram um að ráða hæfa og fagmenntaða einstaklinga til starfa með sérþekkingu á sínu sviði hvað varðar kennslu og ráðgjöf. Við val á starfsfólki er ferilskrá þeirra skoðuð með tilliti til helstu verkefna sem viðkomandi kemur til með að sinna. Reynt er að skoða sérstaklega hvort viðkomandi passi inn í hópinn sem fyrir er á vinnustaðnum og að hann nái vel til nemenda sem í Fjölsmiðjunni eru hverju sinni. Á vorönn 2021 líkaði nemendur almennt vel við þá kennslu sem þeir fengu í báðum faggreinum, þ.e. í íslensku og stærðfræði.


Til þess að faggreinamatið nýtist kennurum/leiðbeinendum Fræðsludeildar Fjölsmiðjunnar eru niðurstöður sem snúa að kennslunni, kynntar þeim. Niðurstöðurnar geta gefið kennurum/leiðbeinendum gagnlegar upplýsingar sem þeir geta nýtt sér til að bæta námsefnið og kennsluaðferðir.

Kennarar/leiðbeinendur Fjölsmiðjunnar - frammistaða og kennsla	
Mjög/nokkuð vel	87,5%
Hvorki vel né illa	12,5%

Kennarar/leiðbeinendur Fjölsmiðjunnar - aðstoð í kennslustundum	
Mjög/nokkuð mikla	93%
Hvorki mikla né litla	7%

c. Aðstaðan í Fjölsmiðjunni

Í Fjölsmiðjunni leggjum við mikla áherslu á að öllum líði sem best. Á það við um nemendur, starfsfólk, utan að komandi einstaklinga, gesti og gangandi. Þegar spurt var um viðhorf nemenda til aðstöðunnar til náms í Fjölsmiðjunni kom í ljós að flestum líkaði hún mjög vel eða frekar vel. Á mynd eitt má sjá svör nemenda við spurningunni úr báðum könnunum sem lagðar voru fyrir á önninni.



Mynd 1. Hvernig líkar þér við námsumhverfið og kennsluáðstöðuna? (rými, lýsing, húsbúnað, salernisaðstöðu o.s.frv.)

Margir tóku undir það að þeir fengu góða þjónustu í Fjölsmiðjunni hvað varðaði nám þeirra í Fræðsludeildinni og töldu þessa blöndun af námi og vinnu vera lúxus sem virkaði vel og kom þeim af stað til frekara náms og með skýrari markmið í pokanum.

Helstu ábendingar sem fram komu voru varðandi húsbúnaðinn, en hann mætti henta betur fullorðnum einstaklingum, t.d. hærri borð.

4. Úttekt á stöðu eigna

Úttekt á húsnæði Fjölsmiðjunnar er framkvæmd í samræmi við kröfur opinberra aðila auk þess sem reglulega er farið yfir öryggisatriði eins og reykskynjara, lyftu og brunavarnir. Það er markmið Fjölsmiðjunnar að öryggisreglur séu ávallt til fyrirmyndar og uppfærðar og kynntar reglulega starfsfólki og nemum.

5. Stefna og framtíðarsýn

Í býgerð er vinna við gerð nýrrar stefnumótunar fyrir árið 2021 – 2024 með starfsfólki og stjórn Fjölsmiðjunnar. Mikilvægt er að Fjölsmiðjan starfi í takt við þörfina á hverjum tíma og starfsemin verði eins einstaklingsmiðuð og hægt er. Við viljum markvisst auka vægi fræðslunnar, forvarna og lífsleikni með áherslu á vellíðan nema og starfsmanna.

Lagt er áherslu á ábyrgð nemans á eigin farsæld, virkni, vellíðan og ánægju.

6. Samantekt

Fjölsmiðjan leggur áherslu á að auka gæði starfseinnar enn frekar. Stefnt er meðal annars að því að yfirfara faggreinamat með fleiri þætti og áherslur í huga sem henta betur því sem meta skal hverju sinni. Liður í framþróun og auknum gæðum tengist einnig þeim tölvu- og hugbúnaði sem Fjölsmiðjan býr yfir og nýta á enn frekar með nemendum sem sækja nám í Fræðsludeild hennar. Áhersla verður lögð á að bjóða nemendum sem sækja formlegt nám í Fræðsludeildinni upp á námsumhverfi sem svarar m.a. kröfum um tækni- og tölvulæsi.

Allir nemar Fjölsmiðjunnar í dag meta reglulega líðan sína og framfarir með framfaraskráningu í þeim tilgangi að þjálfa sig í ákveðnum þáttum tengda „Fimm leiðir að vellíðan“ skv. Landlækni og í leiðinni sjá starfsmenn Fjölsmiðjunnar hvort viðkomandi nemi er að ná árangri í Fjölsmiðjunni eða ekki.

Almennt má segja að fyrstu skrefin í Fjölsmiðjunni fyrir nemann snúist um að auka virkni og vellíðan hans. Það er grunnurinn að því að nemar Fjölsmiðjunnar sýni svo áhuga á frekara námi eða vinnu.